


Bára Stefánsdóttir

**Ársskýrsla Héraðsskjalasafns
Austfirðinga
2015**



Sigfús Sigfússon (1855-1935) þjóðsagnasafnari við skriftir á Seyðisfirði. Í tilefni af því að 160 ár voru liðin frá fæðingu Sigfúsar var sett upp sýning um hann í Safnahúsinu.

október 2016

Efnisyfirlit

Stjórn og aðalfundur.....	2
Starfsfólk.....	3
Rekstur	4
Húsnæði.....	5
Móttaka skjala, gesta og erinda	6
Afhent skjöl.....	6
Gestir og fyrirspurnir	6
Ráðstefnur, fundir og námskeið.....	7
Sýningar, kynningar- og útgáfustarf.....	8
Ljósmyndasafn Austurlands	10
Verkefni um skönnun og skráningu ljósmynda	10
Ljósmyndavefur.....	10
Bókasafn Halldórs og Önnu Guðnýjar	11
Skrá yfir afhendingar á árinu 2015	

Stjórn og aðalfundur

Aðalfundur Héraðsskjalasafns Austfirðinga var haldinn á Breiðdalsvík 25. nóvember 2015. Fundinn sóttu fulltrúar aðildarsveitarfélaganna, auk stjórnar, forstöðumanns og fundarstjóra á vegum gestgjafa. Fulltrúar sveitarfélaga á aðalfundinum voru:

Borgarfjarðarhreppur:	enginn fulltrúi
Breiðdalshreppur:	Anna Margrét Birgisdóttir
Djúpavogshreppur:	Þorbjörg Sandholt
Fjarðabyggð:	Dýrunn Pála Skaftadóttir
Fljótshérað:	Óðinn Gunnar Óðinsson
Fljótshreppur:	enginn fulltrúi
Seyðisfjarðarkaupstaður:	Jónína Brá Árnadóttir
Vopnafjarðarhreppur:	Sigríður Bragadóttir

Núverandi stjórn var kosin á aðalfundi SSA 20. september 2014. Í henni sitja:

Fljótshérað, Fljótshreppur, Borgarfjarðarhreppur: Ragnhildur Rós Indriðadóttir (aðalmaður), Þórður Mar Þorsteinsson (til vara).

Fjarðabyggð: Björn Hafþór Guðmundsson (aðalmaður), Elvar Jónsson (til vara).

Djúpavogshreppur, Breiðdalshreppur, Seyðisfjarðarkaupstaður, Vopnafjarðarhreppur: Ólafur B. Valgeirsson (aðalmaður), Þorbjörg Sandholt (til vara).

Ólafur er formaður stjórnar, Ragnhildur er varaformaður og Hafþór meðstjórnandi.

Þrjár stjórnarfundir voru haldnar á árinu 2015: 28. maí, 8. júlí og 25. nóvember. Auk þess var fundað um Safnahúsið 11. desember 2015.¹



Stjórn 1. janúar 2012 - 6. nóvember 2014
Ragnildur, Ólafur og Pétur



Stjórn frá 6. nóvember 2014
Ragnhildur, Ólafur og Hafþór ásamt Báru

¹ Fundargerðir eru aftar í þessari ársskýrslu og á vef safnsins: www.heraust.is.

Starfsfólk

Fastráðnir starfsmenn Héraðsskjalasafnsins voru þrír. Bára Stefánsdóttir forstöðumaður í 100% starfi og Magnhildur Björnsdóttir skjalavörður í 80% starfi. Arndís Þorvaldsdóttir var í 20% starfi frá janúar-apríl og frá september-deember.

Verkefni um skönnun, skráningu og birtingu ljósmynda á netinu hélt áfram á árinu. Við það unnu: Jóhanna Ingibjörg Sveinsdóttir 50% starf allt árið við skráningu, Ólöf Sæunn Valgarðsdóttir 100% starfi við skönnun og vefumsjón í 8 mánuði, Kolbrún Eva Ríkharðsdóttir skráning mynda í 3 mánuði og Martyna Manuela Reimus skönnun mynda í 2,5 mánuði, báðar í samvinnu við Vinnumálastofnun.

María Sverrisdóttir, menntaskólanemi, flokkaði og gerði lista yfir jólakort í eigu safnsins um sumarið, ásamt aðstoðarmanni og í samvinnu við Félagspjónustu Fljótsdalshéraðs.



Starfskonur í Safnahúsinu á Egilsstöðum í kaffikrók sumarið 2015.

Frá Héraðsskjalasafni: Magnhildur, Skotta, Arndís og Inga (vinnur líka á bókasafni).

Frá Bókasafni Héraðsbúa: Jóhanna Hafliðadóttir.

Frá Minjasafni Austurlands: Beata Fabian, Edda Björnsdóttir, Rannveig Haraldsdóttir, Unnur Karlsdóttir.

Á myndina vantar Júlíu Jónsdóttur á Minjasafni og Báru á Héraðsskjalasafni sem tók myndina.

Rekstur

Framlög aðildarsveitarfélaga til reksturs safnsins voru 19 millj. kr. á árinu 2015. Önnur rekstrarframlög (framlag frá ríkinu og framlög Minjasafns Austurlands og SSA til Ljósmyndasafns Austurlands) voru 1,9 millj. Styrkir og aðrar tekjur voru 8,3 millj.

Rekstrartekjur ársins 2015 námu 29,4 millj. en fjárhagsáætlun gerði ráð fyrir 21,9 millj. Mismunurinn liggur helst í framlagi íslenska ríkisins (5 millj.) til ljósmyndaverkefnis. Útseld vinna var 1,5 millj. en áætlun gerði ekki ráð fyrir neinum slíkum tekjum.

Rekstrargjöld ársins 2015 námu 35,5 millj. en fjárhagsáætlun gerði ráð fyrir 27,8 millj. Laun og launatengd gjöld voru 21,1 millj. sem er 7,7 millj. hærra en gert var ráð fyrir. Þar vegur mest til hækkunar launakostnaðurs vegna ljósmyndaverkefnisins sem var ekki gert ráð fyrir í fjárhagsáætlun þar sem óljóst var hvort fjárveiting fengist í verkið. Framlög til bókasafns Halldórs og Önnu Guðnýjar og til skjalasafnsins í Neskaupstað voru alls 2,7 millj. Annar rekstrarkostnaður var 9,4 millj. en áætlun hljóðaði upp á 9,2 millj.

Niðurstaða rekstrarreiknings Héraðsskjalasafns Austfirðinga fyrir árið 2015 er því rekstrartap uppá 6,1 millj. kr., þar af eru 5,8 millj. vegna reiknaðrar húsaleigu í Safnahúsi og 308 þús. kr. vegna breytinga á áföllnu orlofi. Ekki varð tap af hefðbundnum rekstri.

Handbært fé var 2,2 millj. kr. í ársbyrjun en 2,7 millj. í árslok og lækkaði því um 0,4 millj. milli árana 2014 og 2015.

Nánari upplýsingar um rekstur Héraðsskjalasafns Austfirðinga bs. eru í ársreikningi.

Húsnæði

Á aukaaðalafundi Héraðsskjalasafns Austfirðinga 30. janúar 2014 samþykktu fulltrúar aðildarsveitarfélaga kaup Fljótsdalshéraðs á hlut Héraðsskjalasafnsins í Safnahúsinu. Samningur þar um var undirritaður á fundinum, sem og langtíma leigusamningur þar sem Fljótsdalshérað leigði Héraðsskjalasafninu aðstöðu í Safnahúsinu. Með þessum samningi var allt viðhald hússins komið á eina hendi og skuldbatt Fljótsdalshérað sig til að leggja fram 30 milljónir á næstu tveimur árum til að bregðast við bráðri þörf í þeim efnum.

Í nóvember 2015 barst stjórn Héraðsskjalasafnsins bréf frá Fljótsdalshéraði um skuldbindingu sveitarfélagsins vegna Safnahússins. Þar kom fram að ekki hafi verið unnið að fullu í samræmi við upprunalega viðhalds- og endurbótaáætlun. Framkvæmdum við þak yfir munageymslu hafi verið frestað þar til komið væri í ljós hvort mögulegt yrði að ráðast í framkvæmdir við nýja burst í stað þaks. Þess var vænst að niðurstöður lægju fyrir fljótlega á árinu 2016 og yrði ráðist í þennan hluta framkvæmda á árunum 2016 og 2017. Bæjarráð leitaði eftir samþykki fyrir breyttum framkvæmdatíma.

11. desember 2015 héldu Héraðsskjalasafnið og Minjasafn Austurland sameiginlegan fund þar sem erindið var rætt. Á fundinum voru Ólafur, Ragnhildur og Bára frá Héraðsskjalasafni en Marianna Jóhannsdóttir og Elsa Guðný Björgvinsdóttir frá Minjasafni. Fulltrúar Fljótsdalshéraðs, Björn Ingimarsson bæjarstjóri og Gunnar Jónsson formaður bæjarráðs, sátu fundinn undir 2. lið dagskrár. Þeir kynntu yfirlit yfir endurbætur í Safnahúsi 2014-2015 og greindu frá viðræðum við ríkið um fjárveitingu til að klára að byggja burst 2. Eftirfarandi bókun var samþykkt af af fulltrúum Minjasafns og Héraðsskjalasafns:

Fundurinn fagnar áformum um að ráðist verði í að ljúka við burst 2 í Safnahúsinu og leggur áherslu á að húsnæðið verði fullklárað og komist í notkun fyrir árslok 2017.

Fundurinn samþykkir að framkvæmdatími vegna samnings um 30 millj. kr. framlag til endurbóta og viðhalds á árunum 2014-2015 verði framlengdur til árunna 2016-2017. Þó með fyrirvara um að hve miklu leyti hann hefur verið uppfylltur fram að þessu sbr. Viðhaldsáætlun Fljótsdalshéraðs 2014-2015 sem vísað er til í kaupsamningi dags. 30.1.2014. Því óskar fundurinn eftir nánari sundurliðun á útgjaldaliðum vegna viðhalds og endurbóta í Safnahúsi á árinum 2014 og 2015.

Farið er fram á að sem fyrst verði brugðist við lekavanda í húsinu óháð því hvenær ráðist verði í að klára burst 2. Auk þess verði loftræsikerfi hreinsað sem fyrst enda ógnar ástandið heilsu starfsfólks og gesta.

Umbeðin sundurliðun barst ekki fyrr en í júlí 2016 en loftræstikerfið var hreinsað það ár. Fljótsdalshérað, sem eini eigandi Safnahússins, eða verktaki á þeirra vegum sá um eftirlit í húsinu og tilfallandi viðhald á árinu 2015 enda segir í bókun aukaaðalfundar að framlög annarra sveitarfélaga „ná einungis til reksturs safnsins og undir það falli einungis sá húsnæðiskostnaður sem snýr að hita og rafmagni.“

Móttaka skjala, gesta og erinda

Formlegur opnunartími var óbreyttur frá fyrra ári: mánudaga til fimmtudaga kl. 12-16.

Afhent skjöl

Skjalaafhendingar til safnsins á árinu 2015 voru alls 80 en misjafnlega stórar. Allt frá einu skjali eða ljósmynd upp í marga skjalakassa eða full myndaalbúm. Af þeim voru 38 afhendingar á pappír (t.d. bréf og gjörðabækur), 24 ljósmyndaafhendingar, 3 afhendingar á hljóð- og kvikmyndaefni og 15 afhendingar af blönduðu efni.

Um var að ræða 17 afhendingar frá skilaskyldum aðilum, 9 afhendingar frá félögum eða samtökum, 2 afhendingar frá fyrirtækjum og 52 afhendingar frá einstaklingum. Í langflestum tilvikum kom það í hlut starfsmanna safnsins að ganga frá skjölum í viðurkenndar umbúðir og skrá efnið í skjalaskrá safnsins.

Stærsta einstaka verkefni ársins var að sækja, flokka og skrá skjöl frá Hallormsstaða-skóla. Ljósmyndasafn skólans var einnig afhent til Héraðsskjalasafnsins og var það skannað en ekki gafst tími til að skrá það á árinu.

Gestir og fyrirspurnir

Á árinu 2015 leituðu 1198 aðilar til skjalasafnsins. Skiptust þeir þannig:

<i>Gestir og fyrirspurnir/ erindi 2015</i>	<i>fjöldi</i>
Einstaklingar/skólanemar	917
Opinberar stofnanir	219
Fyrirtæki	35
Félagasamtök	27
samtals:	1198

Þar af komu 797 á safnið sjálf, önnur erindi bárust gegnum síma eða með pósti.

Hver safngestur/viðskiptavinur fékk úrlausn á ýmsum málum (sumir fleiri en einu):

<i>Tegundir fyrirspurna/ erinda 2015</i>	<i>fjöldi</i>
Upplýsingaleit og safnkynningar	246
Bókasafn	242
Ljósmyndir	195
Leit að skjölum	185
Lestrarsalur	129
Móttaka skjala og ljósmynda	74
Ljósritun/prentun/skönnun	68
Ráðgjöf um skjalamál	33
Manntöl og kirkjubækur (lesvél)	23
Kvikmynda- og hljóðefni	3
samtals:	1198

<i>Heimili/ aðsetur gesta/ fyrirspyrjenda 2015</i>	<i>fjöldi</i>
Austurland	878
Höfuðborgarsvæðið	151
Óþekkt aðsetur	65
Suðurland	45
Erlendis	29
Vesturland og Vestfirðir	7
Norðurland	6

Ráðstefnur, fundir og námskeið

Árlegur fundur héraðsskjalasafna og Þjóðskjalasafns Íslands var haldinn í Reykjavík 16. apríl 2015. Bára sat fundinn en í lok dagskrár var opnuð samskrá yfir einkaskjalasöfn á Íslandi á vefnum www.einkaskjalasafn.is. Héraðsskjalasafnið er þátttakandi í verkefningu.

Arndís fór á farskóla Félags íslenskra safna og safnmanna á Höfn í Hornafirði dagana 16.-18. september. Magnhildur og Bára sátu ráðstefnu Félags héraðsskjalavarða á Íslandi fyrir starfsmenn héraðsskjalasafna í safnahúsinu á Húsvík 1.-2. október. Bára sat auk þess aðalfund félagsins á sama stað 1. október. Á fundinum voru meðal annars tilnefndir fulltrúar í samráðshópa með Þjóðskjalasafni Íslands. Bára og Sólborg Una Pálsdóttir Héraðsskjalasafni Skagfirðinga tóku að sér að vera í samráðshópi um skráningarkerfið Lísu sem er í þróun hjá Þjóðskjalasafni. Enginn fundur var þó boðaður á árinu 2015.

Bára sat í starfshópi Fljótsdalshéraðs sem stóð fyrir málþinginu *Konur í stjórnámálum – reynsla og lærdómur*. Þingið var haldið á Hótel Héraði 6. nóvember.



Þátttakendur á ráðstefnu skjalavarða á Húsvík.

Sýningar, kynningar- og útgáfustarf

Í tilefni af 100 ára afmæli kosningaréttar kvenna á Íslandi var farandsýning frá Landsbókasafni Íslands – Háskólabókasafni um kvennabaráttu og þróun kosningaréttar hengd upp í stigagangi. Héraðsskjalasöfnin í landinu í samvinnu við Handritasafn Landsbókasafns, Kvennasögusafn Íslands og Þjóðskjalasafn Íslands kölluðu eftir skjölum kvenna af sama tilefni.

*Hélt mamma dagbók?
Var amma skúffuskáld?
Eru bréf langömmu
í geymslunni?*

**100 | KOSNINGARÉTTUR
ÁRA | KVENNA Á ÍSLANDI**


Soroptomistaklúbbur Austurlands stóð fyrir þrjónagöngu á Egilsstöðum á kvenréttindadaginn 19. júní. Henni var ætlað að heiðra minningu formæðranna sem aldrei féll verk úr hendi og gengu þrjónandi á milli bæja. Gangan endaði í Safnahúsinu þar sem þátttakendur skoðuðu ýmis skjöl um sögu kvenna á Austurlandi sem búið var að draga fram úr skjalageymslu í tilefni dagsins. Auk þess var hægt að skoða spjöld um austfirsku kvenljósmyndara sem voru sett upp árið 2014. Á milli 45-50 mættu.

31. október var opnuð sýning í tilefni af því að 160 ár voru liðin frá fæðingu Sigfúsar Sigfússonar þjóðsagnaritara frá Eyvindará. Sýningin, sem var samstarfsverkefni Héraðsskjalasafns, Minjasafns Austurlands og Bókasafns Héraðsbúa, var opnuð í lok Sigfúsarvöku þar sem fjallað var um ævi Sigfúsar auk þess sem þjóðsögur, sagnir og ljóð úr safni hans voru flutt á fjölbreyttan hátt. Á sýningunni voru veggspjöld um lífsstarf Sigfúsar, ljósmyndir af honum, skjöl með rithönd Sigfúsar og í tölvu var hægt að skoða kort af Austurlandi og hlusta á þjóðsögur frá völdum töldum. Verkefnið var styrkt af Alcoa Fjarðaáli og Ússuhópnum.



Rúmlega 40 gestir mættu á Sigfúsarvöku og opnun sýningar um hann.

Sú nýbreytni var tekin upp að lána sýningarþjöld sem höfðu lokið hlutverki sínu í Safnahúsinu til sveitarfélaga sem höfðu áhuga á að setja þau upp í sínum húsakynnum. Þjöld um kvenljósmyndara voru höfð til sýnis á Haustroða á Seyðisfirði í nóvember en fóru þaðan í félagsheimili aldraðra á Djúpavogi.



Norræni skjaladagurinn var 14. nóvember. Umfjöllun um Sigfús Sigfússon þjóðsagnaritara var framlag Héraðsskjalasafnsins á vefnum skjaladagur.is undir titlinum *Þrautseigja án takmarka*. Þjóðskjalasafn Íslands sér um vefinn er fleiri leggja til efni.

Um 35 gestir mættu á árlega bókavöku sem var haldin í Safnahúsinu 26. nóvember í góðri samvinnu Héraðsskjalasafns, Bókasafns Héraðsbúa og Minjasafns Austurlands. Að venju var áherslan á austfirsku útgáfu og bækur eftir höfunda sem búsettir eru í fjórðungnum. Nokkrir höfundar og þýðendur mættu og lásu úr bókum sínum en starfsfólk sá einnig um upplestur.

Jóla kort ársins 2015 var helgað Evu Hjálmaradóttur rithöfundu. Eva fæddist í Stakkahlíð í Loðmundarfirði 16. nóvember 1905. Um 10 ára aldur veiktist hún af flogaveiki og eftir því sem árunum fjölgaði versnaði heilsa hennar svo að hún gat stundum ekki stigið í fætur eða komið hugverkum sínum á blað nema með aðstoð. Erfið veikindi náðu þó ekki að buga sálarþrek hennar. Þrátt fyrir allt var „gaman að lifa“ eins og kemur fram í einum bókartitli eftir hana. Eva andaðist í Víðihlíð 16. júlí 1962. Eftir hana liggja bækur og tímaritsgreinar en ljóð eftir hana hafa auk þess ratað á hljómplötur.



Eva Hjálmaradóttir
frá Stakkahlíð

Ljósmyndasafn Austurlands

Ljósmyndasafn Austurlands er sérstök deild innan Héraðsskjalasafns Austfirðinga og rekið með framlagi frá Sambandi sveitarfélaga á Austurlandi, Minjasafni Austurlands og Héraðsskjalasafni Austfirðinga. Myndasöfnin spanna allt frá mannamyndum teknum fyrir aldamótin 1900 til fréttu- og íþróttamynda frá síðari helmingi 20. aldar.

Ýmsir aðilar hafa aðstoðað starfsfólk safnsins við að bera kennsl á fólk og staði á ljósmyndum. Óþekktar myndir hafa einnig verið birtar í *Austurglugganum* og oft fást upplýsingar um nöfn með því móti.

Verkefni um skönnun og skráningu ljósmynda

Í janúar 2015 var endurnýjaður samstarfssamningur milli Héraðsskjalasafns Austfirðinga, Héraðsskjalasafns Árnesinga og Héraðsskjalasafns Skagfirðinga um skönnun og skráningu á ljósmyndum í þeirra eigu. Meginfjárveiting til verkefnisins kom af fjárlögum (15 millj. sem skiptust jafnt milli safnanna). Fljótsdalshérad styrkti verkefnið um 800 þúsund á árinu 2015, Borgarfjarðarhreppur um 250 þúsund og Seyðisfjarðarkaupstaður um 70 þúsund.

Á árinu 2015 voru skannaðar 10.738 myndir og 6.470 þeirra mynda voru skráðar. Samtals er búið að skanna 81.203 myndir og skrá 68.809 myndir frá því að verkefnið hófst 2011. Myndirnar eru skráðar ítarlegar en gert hefur verið í eldri skrá, meðal annars er lögð mikil vinna í að finna fæðingarár einstaklinga.

Ljósmyndavefur

Ljósmyndavefur á slóðinni myndir.heraust.is var opnaður 28. maí 2014. Á vefnum voru þá um 55 þúsund myndir. Í árslok 2015 voru komnar um 68 þúsund myndir á vefinn.

Bókasafn Halldórs og Önnu Guðnýjar

Árið 2015 bættust 142 titlar við bókasafnið. Um er að ræða bækur sem keyptar voru af rekstrarfé safnsins (framlög skv. stofnsamningi Héraðsskjalasafns) en einnig berast safninu ýmsar bókagjafir. Aðfangalistann má sjá á vefsíðu safnsins og hægt er að leita í bókakosti safnsins á vefnum leitir.is. Heildarfjöldi titla í lok árs 2015 var 11.380.

Bókasafninu tilheyrir einnig veglegt safn gamalla og nýrra tímarita, sum þeirra innbundin, alls um 500 titlar. Enn bætist við tímaritakostinn því um 40 titlar eru í áskrift.

Á árinu voru lánaðar út 117 bækur en ýmsar bækur eru ekki til útláns og eru afnot af þeim á lestrarsal. Auk þess nýtist bókakosturinn starfsfólki Héraðsskjalasafnsins afar vel í daglegum störfum, t.d. við skráningu skjala og ljósmynda en ekki síður við sýningargerð og til að geta svarað fyrirspurnum frá utanaðkomandi aðilum.

Héraðsskjalasafnið hefur markað sér þá stefnu að einskorða innkaup við fræðilegt efni, einkum á sviðum sagnfræði, félagssögu og ættfræði. Einnig er reynt að kaupa allar bækur sem fjalla um Austurland og bækur sem eru eftir Austfirðinga. Bókasafn Halldórs og Önnu Guðnýjar hefur því á undanförunum árum verið byggt upp sem rannsóknar-bókasafn með sérhæfðari safnkost en almenningsbókasöfn. Gott samstarf er við almenningsbókasöfnin á svæðinu og þegar óskir berast þar um eru bækur frá Héraðsskjalasafninu sendar í millisafnalán og gagnast þær því fólki um allt Austurland.

Skrá yfir afhendingar á árinu 2015

Afh.ár	Nr.	Heiti safns	Afhendingaraðili	Innihald
2015	1	Ása Hafliðadóttir frá Ögri, síðar í Rauðholti	Sævar Sigbjarnarson	Vefnaðarbók, handskrifuð bók um vefnað og litun. Rituð í Húsmæðraskólanum á Staðarfelli í Dölum veturinn 1961-1962.
2015	2	Hjaltastaðahreppur	Sævar Sigbjarnarson	6 staðfræðikort og 29 loftmyndir af Héraði. Afréttarmál í Útmannasveit 2007. Bréf og ljósrit varðandi endurskoðun landamerkjalaga 1998. Hraundalur, ýmis gögn. Bréfasafn, 4 vasabækur, minningabók frá Eiðaskóla. Heillaskeyti til Sigbjörns og Önnu í Rauðholti 1968 og 1972.
2015	3	Heilbrigðiseftirlit Austurlands	Heilbrigðiseftirlit Austurlands	Fyrirtæki á starfssvæði HAUST. Gögn um eftirlit og starfsleyfi 1986 - 2013.
2015	4	Jón Jónsson, Eiríksstöðum Jökuldal	Páll Pálsson, Aðalbóli	Vasakver eða minnisbók Jóns á Eiríksstöðum. Einnig laust blað með handskrifuðu kvæði. Í meðfylgjandi greinargerð frá Páli kemur fram eftir hvaða leiðum handritið kom til hans.
2015	5	Hallormsstaðaskóli	Fljótsdalshérað / Helga Guðmundsdóttir fræðslufulltrúi	Upptökum af árshátíðum og öðru starfi Hallormsstaðaskóla á árunum 1986 - 2014. Yfirfært á DVD diska sumarið 2014 og afhent í möppu með 41 diskum. Listi yfir innihald fylgir.
2015	6	Ræktunarsamband (félag) Breiðdals og Beruneshrepps / Sigurður Lárusson	Hrafnkell Lárusson	Gögn frá Ræktunarsambandi Breiðdals- og Beruneshrepps; bréf, reikningar, minnisbækur o.fl. Kemur úr búi Sigurðar Lárussonar frá Gilsá, fyrsta formanns Ræktunarsambandsins.
2015	7	Ferðafélag Fljótsdalshéraðs	Þórhallur Þorsteinsson	Ljósmyndir af byggingasögu allra skála í eigu Ferðafélagsins, afhent á minnislykli.
2015	8	Gunnar Guttormsson	Gunnar Guttormsson	Sendir 3 myndir sem tengjast Hallormsstað með tölvupósti ásamt upplýsingum.
2015	9	Friðrik Jónsson	Minjasafn Austurlands	Þættir um innflutning búfjár og karakúlsjúkdóma 1947. Tímarit iðnaðarmanna 1928.
2015	10	Sigfús Sigfússon	Margrét Pétursdóttir	Bréf frá Sigfúsi Sigfússyni til Margrétar Pétursdóttur frá árinu 1924.
2015	11	Sýslumaðurinn Seyðisfirði	Sýsluskrifstofa á Egilsstöðum	11 skjalabækur: Kjörbók Tunguhrepps 1907-1997. Kjörbók Tunguhrepps - Kirkjubæjarkjördeild 1908-1996. Kjörbók Tunguhrepps - Rangárkjördeild 1942-1974. Úttektarbók Tunguhrepps 1909-1994. Uppskrifa- og uppboðsbók Tunguhrepps 1951-1983. Hreppstjórabók Tunguhrepps 1951-1980. Kjörbók Skriðdalshrepps 1933-1999. Kjörbók fyrir Egilsstaðakjördeild 1949-1999. Framtalsbók fyrir Eiðahrepp 1943-1969. Sýslumaðurinn Seyðisfirði utankjörfundaratkvæði Egilsstöðum 1998-2012. Sýslumaðurinn Eskifirði utankjörfundaratkvæði Egilsstaðahr. 1987-2014.

2015	12	Jón Benedikt Guðlaugsson	Helgi Hallgrímsson	Samantekt Jóns B. Guðlaugssonar á gögnum úr fórum Eiríks Eiríkssonar frá Dagverðargerði um Sigfús Sigfússon þjóðsagnaritara og kveðskap hans.
2015	13	Elín Kröyer	Elín Kröyer	Skólaspjöld frá Eiðum 1926-1927, 1927-1928. Skólaspjald frá meiraprófi bifreiðastjóra á Akureyri 1947.
2015	14	Guttormur Metúsalemsson	Guttormur Metúsalemsson	1 mynd, vitkort þekkt.
2015	15	Ásdís Jóhannsdóttir	Ásdís Jóhannsdóttir	Handrit að efni á Þorrablóti Þinghátta 2015 ásamt upptöku.
2015	16	Fiskifélagsdeild Eskifjarðar & Safnastofnun Austurlands / Hilmar Bjarnason	Sigurborg Hilmarsdóttir	Eskifjarðardeild Fiskifélags Íslands: Fundargerðabók 15.9. 1983 - 14.10. 1993. Meðlimaskrá 1919 -1933. Sjóðbók 1919 - 1920. Bréf, skýrslur, fylgiskjöl o.fl. Safnastofnun Austurlands: Afrit af fundargerðum, skýrslur, greinargerðir, bréf o.fl. 1971 - 1987.
2015	17	Fljótsdalshérað	Fljótsdalshérað	Þrjár fundargerðabækur 2014: 1. Bæjarstjórn. 2. Bæjarráð - Atvinnumálanefnd. 3. Afgreiðslufundur byggingafulltrúa, Skipulags- og mannvirkjanefnd, Fræðslunefnd, Skólanefnd Hallormsstaðaskóla, Umhverfis- og héraðsnefnd, Menningar- og íþróttanefnd, Félagsmálanefnd, Ungmennaráð, Endurmenntunarsjóður.
2015	18	Framsóknarfélag Fljótsdalshrepps / Fljótsdalshreppur	Friðrik Ingólfsson	Fundargjörðabók Framsóknarfélags Fljótsdalshrepps 23.3.1944 - 24.8.1962. Skýrsla um fjártölu í Fljótsdal árið 1919 á lausu blaði.
2015	19	Ari Jónsson og Sigríður Þórarinsdóttir	Erna Aradóttir	Kveðjuljóð til læknishjónanna Ara Jónssonar og Sigríðar Þórarinsdóttur. Flutt í kveðjusamsæti í Egilsstaðaskógi 17. sept. 1960. Höf: Jón Sigfússon.
2015	20	Stefanía Eyjólfsdóttir	Stefanía Steinþórsdóttir	Tvær ljósmyndir. Skólamynd frá Húsmæðraskólanum á Hallormsstað 1962-1963 og mynd af konu, óþekkt.
2015	21	Gyða Vigfúsdóttir	Gyða Vigfúsdóttir	Hallfreðarstaðir í Hróarstungu, grunnmynd af gamla bænum. Verkfræðistofan Hönnun 1969.
2015	22	Skólaskrifstofa Austurlands	Skólaskrifstofa Austurlands	Trúnaðargögn. 8 lokaðar öskjur. Mest árgangur 1998 (fædd það ár). Egilsstaðaskóli, Seyðisfjarðarskóli, Grunnskólinn Bakkafirð, Grunnskóli Borgarfjarðar, Vopnafjarðarskóli, Hallormsstaðaskóli, Stöðvarfjarðarskóli, Nesskóli, Reyðarfjarðarskóli, Grunnskóli Eskifjarðar, Grunnskóli Fáskrúðsfjarðar, Grunnskólinn Breiðdalshreppi, Djúpvogsskóli, Fellaskóli.

2015	26	Vigfús Sigurðsson frá Egilsstöðum í Fljótsdal	Minjasafn Austurlands	Skjöl og bækur: Viðskiftabók við sparisjóðsdeild útbús Íslandsbanka á Seyðisfirði 1914-1925, nótnabók, handskrifuð, sálmar sungnir við jarðarför Vigfúsar og Soffíu konu hans.
2015	24	Vigfús Sigurðsson frá Egilsstöðum í Fljótsdal	Minjasafn Austurlands	Bækur, 15 titlar, prentað mál: Biblía útg. 1859, Búnaðarrit og fleira.
2015	25	Vigfús Sigurðsson frá Egilsstöðum í Fljótsdal	Minjasafn Austurlands	Bækur, 15 titlar, prentað mál: Fimmtíu passíusálmar útg. 1890, Kirkjusöngsbók eftir Jónas Helgason og fleira.
2015	23	Vigfús Sigurðsson frá Egilsstöðum í Fljótsdal	Minjasafn Austurlands	Ljósmyndir, eftirprentanir, teikningar og teikniblokkir.
2015	27	Sóknarnefnd Valþjófsstaðarsóknar	Friðrik Ingólfsson	Gjörðabók sóknarnefndar Valþjófsstaðarkirkju 1900 - 1991.
2015	28	Árni Halldórsson frá Tandrastöðum í Norðfirði	Minjasafn Austurlands	Ferðaáætlun Eimskipafélags 1933, Handbók fyrir kjósendur 1942, Skólasöngvar 1909, Ljóðmæli Einar Hjörleifsson 1893.
2015	29	Jón Árnason og Katrín Antoníusdóttir Múla í Geithellnahreppi	Kristín Rögnvaldsdóttir	Tvær myndir í stórum römmum af Jóni og Katrínu.
2015	30	Ólafía Dagnýsdóttir Seyðisfirði	Ari Sigurjónsson	Gömul fjölskyldumynd, fólkið óþekkt.
2015	31	Matthías Elíasson frá Reyðarfirði	Helga Aðalsteinsdóttir	2 kassar með dagbókum Matthíasar Elíassonar f. 1927 d. 2013.
2015	32	Sigmar Ingason	Minjasafn Austurlands	Málverk af Sigvarði Benediktssyni á Hofströnd Borgarfirði eystri. Matthías Sigfússon málaði eftir ljósmynd.
2015	33	Kaupfélag Héraðsbúa	Stefán Scheving Einarsson	Kassi með óflokkuðu skjalasafni mest teikningar og gögn varðandi byggingar og endurbætur á húsnæði KHB 1960 - 2008.
2015	34	Stefán Ingvar Sveinsson	Bókasafn Seyðisfjarðar / Sólveig Sigurðardóttir	Sendibréf Stefáns I. Sveinssonar varðandi Fjarðarselsvirkjun ásamt persónulegum bréfum (meðal annars vegna lána til einstaklinga).
2015	35	Reynir E. Kjerúlf	Reynir E. Kjerúlf	Skjöl frá Metúsalem Kjerúlf á Hrafnkelsstöðum og Eiríki Kjerúlf í Vallholti.
2015	36	Samband sveitarfélaga á Austurlandi SSA	Samband sveitarfélaga á Austurlandi / Björg Björnsdóttir	43 kassar með skjölum frá árunum u.þ.b. 1999 - 2010.
2015	37	Vigfús Ólafsson	Vigfús Ólafsson	Ljósmynd af konum sem voru á vörnamskeiði í Húsmæðraskólanum á Hallormsstað 1939 ásamt nafnalista. Einnig ljósmynd af nokkrum þeirra 50 árum síðar og nafnalisti.

2015	38	Eiríkur Eiríksson frá Vífilstöðum	Jón B. Guðlaugsson	Stór mynd í ramma af Eiríki Eiríkssyni Vífilstöðum, blýantsteikning eftir ljósmynd, gerð í Kanada. Líklega teiknað af Friðriki Sveinssyni, bróður Nonna. Ýmis skjöl frá Eiríki: kaupsamningur Dagverðargerði 1876, arfleiðsluskrá 1896 og 1900, landamerki milli Vífilstaða og Dagverðargerðis 1890, kvittun fyrir meðlagi með Eiríki Sigfússyni 1901, fjárhæð (eignaskrá/bústofn) vorið 1902.
2015	39	Jón Kristinsson frá Keldhólum	Guðni Arthúrsson	Tvær myndir í ramma af Guðnýju og Sigríði Eiríksdætrum.
2015	40	Pálína Waage	Bókasafn Seyðisfjarðar / Sólveig Sigurðardóttir	Jólaortasafn Pálinu Waage 3 kassar.
2015	41	Eiðaskóli	Síldarminjasafn Íslands	Skólaspjald frá Eiðaskóla 1929 - 1930.
2015	42	Guðmundur Björnsson frá Múla Álftafirði	Guðmundur Björnsson	Skrá yfir bækur sem Guðmundur sendi til Héraðsbókasafnsins Djúpavogi (2 stílabækur) frá um 1980-2012. Smáprent og ljósrit af ættfræðiskrifum. Ljósrit af burtfararvottorði GB frá Iðnsskólanum í Reykjavík 1947 og sveinsbréfi í húsasmíði 1948. Ýmsar nýlegar og gamlar bækur og tímaritshefti. Einnig smáprent. 7 möppur með blaðaúrklippum, mest minningargreinar (safnað af Dagnýju Karlsdóttur), einnig dánarblöðungar.
2015	43	Össur Torfason	Össur Torfason	Ljósmyndir tengdar Sjúkrahúsinu á Egilsstöðum og Vonarlandi. Ljósmyndari: Össur Torfason. 29 litmyndir og 24 svarthvítar.
2015	44	Sigurbjörg Pétursdóttir	Sif Kjartansdóttir	Mynddiskur (DVD) með upptöku frá 85 ára afmæli Sigurbjargar Pétursdóttur og viðtal við hana. Hljóðdiskur (CD) með frásögn Sigurbjargar frá æskuárum hennar.
2015	45	Prestafélag Austurlands	Einar Þór Þorsteinsson og Sigríður Zophaníasdóttir	Gestabók fyrir dvalarviku aldraðra á Eiðum árin 1986-1999. Í bókinni er einnig listi yfir starfsfólk og þátttakendur og hópmynd öll ári nema 1999.
2015	46	Halldór Björgvin Eiríksson	Kristján B. Kristinsson	Skjöl úr dánarbúi Halldórs Björgvins Eiríkssonar skósmiðs í Von á Reyðarfirði og Kristínar Guðnadóttur konu hans f. 1904 d. 1987. Einnig skjöl frá fjölskyldumeðlimum: Eiríkur Eiríksson, Guðný Halldórsdóttir, Eiríkur Daníelsson, Vilborg Bjarnadóttir, Elís Sigurðsson.
2015	47	Jónína Ragnhildur Björgvinsdóttir	Jónína R. Björgvinsdóttir	Bréf dags. 14. 5. 1951. Bréfitari. Oddný Metúsalemsdóttir. Ljósmynd frá stofnfundi B-deildar Einherja Vopnafirði 30.7.1944.
2015	48	Jón Kristinsson frá Keldhólum	Sigurður Kristinsson	7 ljósmyndir og 8 bækur úr dánarbúi Jóns Kristinssonar frá Keldhólum, síðar búsettur á Egilsstöðum.

2015	49	Geirmundur Þorsteinsson frá Sandbrekku	Erlendur Steinþórsson	Myndasafn: 1 mynd í ramma, 28 vitkort, 21 kabinettkort, 15 póstkortamyndir, 18 aðrar stærðir. Myndaalþúm, gamalt sem inniheldur 74 vitkort og 6 kabinettkort. Meiri hluti myndanna er óþekktur. Gömul skjöl; virðingar húsa í Hjaltastaðapinghá um 1940, sjóðbók fyrir Hjaltastaðahreppsumboð Brunabótafélags Íslands 1934 -1950, fundargerða- og ársreikningabók Búnaðarfélags Hjaltastaðahrepps 1897- 1926, nokkur bréf og laus blöð.
2015	50	Björn Kristjánsson og Magnhildur Stefánsdóttir frá Grófarseli	Petra Björnsdóttir	Myndasafn: 47 vitkort, 7 kabinettkort, 25 póstkortamyndir o.fl., 4 póstkort.
2015	51	Jónasi Þórarinssyni og Sveinveigu Eiríksdóttur, Hrafnabjörgum	Hrafnhildur Þórarinsdóttir og Málfríður Þórarinsdóttir	Skólaspjald frá Eiðum 1944-1945 (úr eigu Þórarins Hallgrímssonar). Gamalt alþúm frá móðurforeldrum, Jónasi Þórarinssyni og Sveinveigu Eiríksdóttur,: 56 ljósmyndir bæði vit- og kabinettkort, að mestu ómerkt. Tvær teikningar af húsum. Grunnmynd og útlitsteikning af Hrafnabjargabænum 1893-1952 og grunnmynd og útlitsteikning af húsi sem enn stendur á Hrafnabjörgum. Teikningarnar eru eftir Jónas Þórarinsson.
2015	52	Þórunn Elísabet Björnsdóttir	Sigríður Flosadóttir	5 lítil alþúm, innihald þeirra er nær eingöngu áhugaljósmyndir frá Reykjavík og héðan og þaðan af landinu, m.a. frá Reyðarfirði. Ljósmyndari Þórunn Elísabet Björnsdóttir.
2015	53	Una Guðrún Einarsdóttir frá Vopnafirði	Kolbrún Eva Ríkharðsdóttir	Ljósmyndir afhentar til skönnunar: Skólaspjald frá Eiðaskóla 1948 - 1949, 3 myndir í ramma (þekktar), margar myndir, bæði svart-hvítar og í lit.
2015	54	Búnaðarfélag Breiðdæla	Guðný Harðardóttir	Gömul skjöl frá Búnaðarfélagi Breiðdæla. 2 kassar með 4 möppum og gögnum í umslögum. Mest fylgiskjöl, skýrslur og bréf 1950-1990.
2015	55	Brynjólfur Bergsteinsson frá Hafrafelli	Margrét Brynjólfsdóttir	Sjúkrasamlag Fellahrepps; Sjóðbók 1966 - 1972. Upplýsingar um foheld mannvirki í Fellahreppi um 1975, skráning fyrir Fasteignamat ríkisins, ljósrit af nokkrum teikningum fylgja. Teikningar af viðbyggingu við Miðvang 22, félagsmiðstöð aldraðra. Fundargögn frá sambandsstjórnarfundi Landssambands eldri borgara á Egilsstöðum 2004. Túnkort af Hafrafelli. Nokkrir ársreikningar BSA o.fl. Bréf, bæklingar og fylgiskjöl.

2015	56	Ljósmyndasafn Austurlands	Brynhildur Vilhjálmsdóttir	1 ljósmynd (óþekkt) sem fannst í stigagangi í Útgarði 6.
2015	57	Þórarinn Hávarðsson	Fljótsdalshérað	Myndefni á hörðum disk (flakkara) sem Þórarinn tók sem fréttá- og tókumaður á Austurlandi á árunum 1989 - 2005 fyrir RÚV og Stöð 2.
2015	58	Steinþór Eiríksson	Ásdís Jóhannsdóttir	Sýningarskrá og úrklippubók sem útbúin var til sýningar í tilefni af aldarminningu Steinþórs Eiríkssonar.
2015	59	Erna Kristín Elíasdóttir	Jónína Zophoníasdóttir	Þrjár svarthvítar hópmyndir af krökkum frá Egilsstöðum (eftirtökur).
2015	60	Margrét Sigurðardóttir, Víðvallagerði	Þorsteinn Pétursson og Ingibjörg Hjaltadóttir	Gömul bréf, skjöl og myndir frá Víðvallagerði.
2015	61	Grunnskóli Djúpavogs	Krústrún Gunnarsdóttir / Grunnskóli Djúpavogs	3 kassar með bekkjaklöddum. Þeir elstu líklega frá því um miðja 20. öld.
2015	62	Vesturfaramiðstöð Austurlands	Cathy Josephson	Bók á rafrænu formi: Well connected - The Icelanders of Minnesota. Höfundur Patricia Allred, 2014. Einnig ýmis skjöl og ljósmyndir frá Cathy varðandi vesturfara.
2015	63	Suður-Múlasýsla	Guðmundur Sveinsson	Fiskiskipaskrá Suður-Múlasýslu 1903-1943. Fiskiskipaskrá Suður-Múlasýslu 1943-. Skönnun geymd rafrænt.
2015	64	Jón Péturssonar héraðsdýralæknir	Jón Péturssonar fyrrverandi héraðsdýralæknir	Ýmis skjöl úr fórum Jóns Péturssonar sem var héraðsdýralæknir á Austurlandi.
2015	65	Sigurður Vigfússon	Þjóðminjasafn Íslands / Inga Lára Baldvinsdóttir	Skönnun af filmum og glerplötum frá Sigurði Vigfússyni, syni Vigúsar á Egilsstöðum. Afhent á geisladiski (CD). Að mestu leyti af Reykjavíkursvæðinu, af ferðalögum, húsbyggingum og hafnargerð.
2015	66	Framfarafélag Fljótsdalshéraðs	Philip Vogler	Gögn varðandi undirbúning að stígagerð umhverfis Lagarfljót frá 1996 - 2011. Þrjú kort úr seríu sem var skilað inn 2014.
2015	67	Hallormsstaðaskóli	Fljótsdalshérað / Helga Guðmundsdóttir fræðslufulltrúi	Gögn úr Hallormsstaðaskóla sótt sumarið 2015. Var óflokkað og ófrágengið. Fundargerðabækur, prófabækur, fundargögn, bréf, fjárhagsgögn, starfsmannagögn, nemendagögn, náms- og kennslugögn, gögn foreldrafélags, skólablöð, gögn um samstarfs- og þróunarverkefni, gögn um byggingar og húsnæði, hljóð- og myndefni.
2015	68	Sigrún Einarisdóttir Miðhúsum	Edda Björnsdóttir	10 ljósmyndir, allar þekktar
2015	69	Guðrún Lára Ásgeirsdóttir	Guðrún Lára Ásgeirsdóttir	Stækkuð litmynd, eftirtaka. Myndin sýnir 6 konur staddar í Húsmæðraskólanum á Hallormsstað haustið 1963, allar þekktar.
2015	70	Svavar Stefánsson, mjólkurbússtjóri	Ingunn Svavarsdóttir	Minnislykill með myndum úr safni Svavars Stefánssonar.
2015	71	Baldur Böðvarsson og Hólmfríður Jónsdóttir	Hrafn Baldursson	Nokkrir filmubútar og gögn úr dánarbúi.

2015	72	Helgi Gíslason Hrappsstöðum Vopnafirði	Hallgrímur Helgason	Skjöl sem tengjast starfi Helga Gíslasonar sem trúnaðarmaður Búnaðarsambands Austurlands. Jarðabótaskýrslur, forðagæsluskýrslur, minnisbækur o.fl.
2015	73	Hallgrímur Helgason og systkini	Hallgrímur Helgason	Fjórar litlar öskjur af gömlum myndum úr fjölskyldusafni sendar til skönnunar og skoðunar. Talsvert af þekktum/merktum myndum. Myndir sem ekki eru til í Ljósmyndasafni skannaðar og frummyndir sendar aftur til Hallgríms.
2015	74	Sigurjón Bjarnason	Sigurjón Bjarnason	Að vaka og vinna. Ýmislegt af Hænuvíkurhjónum Ólafíu Magnúsdóttur og Sigurbirni Guðjónssyni ásamt niðjatali. Bók gefin út í tilefni ættarmóts afkomenda, haldið á Patreksfirði 24.-26. júlí 2015.
2015	75	Ragnheiður Ragnarsdóttir	Ragnheiður Ragnarsdóttir	Listi yfir símhringingar á alla bæi sem tengdust símstöðinni á Fossvöllum.
2015	76	Guðný Einarsdóttir frá Kirkjubæ	Gunnlaugur V. Snævarr	Útfararminning Guðnýjar Einarsdóttur, prestskonu frá Kirkjubæ í Hróarstungu. Prentað smárit útg. 1885.
2015	77	Dansfélagið Fiðrildin	Jón Atli Gunnlaugsson	Gögn frá dansfélagi sem var stofnað 1975 og lagt niður 2015. 3 gjörðabækur undir nöfnunum: Gömludansaklúbburinn Fiðrildin 1975-1987, Dansfélagið Fiðrildin: 1989-2015. Einnig félagalistar, bankayfirlitum, lög, fundarboð, bréf, skýrslur, félagsskírteini, dagskrár, bæklingar um danssýningar og grein um 40 ára starfsemi félagsins.
2015	78	Vigdís Björnsdóttir, Eskifirði	Edda Björnsdóttir	Myndasafn úr dánarbúi foreldra Eddu, Vigdísar Björnsdóttur og Björns Þorkelssonar Eskifirði. Myndasafnið hefur að geyma myndir vinum og ættingjum þeirra hjóna. Einnig augnabliks myndir frá ýmsum tíma og póstkort sem tengjast Eskifirði. Nær allar myndirnar eru merktar.
2015	79	Gunnlaugur Jónsson Snædal, Eiríksstöðum	Jón G. Snædal	Dagbók sem Gunnlaugur skrifaði frá 1. janúar 1874 fram í miðjan júní 1875 og af og til eftir það fram í janúar 1878. Í bókina skrifar hann meðal annars um áhrif öskufalls í kjölfar eldgossins í Öskju 1875. Fremst í bókinni eru færslur ritaðar af Jóni Jónssyni, eldri bróður Gunnlaugs, sem fæddist 1837 en lést 36 ára gamall. Gunnlaugur tók við bókinni eftir lát hans.
2015	80	Minjasafn Austurlands	Minjasafn Austurlands	7 ljósmyndir frá Húsmæðraskólanum á Hallormsstað, mest af handavinnu. Eftirtökur límdar á spjöld, líklega frá ljósmyndasýningu í tilefni af 50 og 70 ára afmæli skólans.